



//Á döfinni//



...Starfsdagur...

Miðvikudagurinn 17. febrúar er starfsdagur kennara. Nemendur eru í frí þann dag.

...Foreldradagur...

Foreldrar/forráðamenn og nemendur eru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara fimmtudaginn 18. febrúar. Farið verður yfir námsframvindu, hegðun og líðan nemenda. Dagskrá og gátlisti fyrir viðtalið fara heim með nemendum þegar nær dregur.

...Samræmd próf í 9. bekk...

Samræmd könnunarpróf nemenda í 9. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku, verða dagana 9., 10. og 11. mars næstkomandi.



//Fréttir frá Laugalandsskóla//

...: Porrinn ...:



Föstudaginn 22. janúar, á sjálfan bóndadaginn, var borinn fram þorramatur í skólanum. Allir nemendur og starfsfólk skólans komu saman í matsalnum þar sem þeir gengu að glæsilegu hlaðborði. Látið var vel af matnum og gengu allir saddir frá borðum. Veittar voru viðurkenningar fyrir bestu þorra-botnana sem nemendur höfðu samið í vísuþotnakeppni í tilefni þorrans. Það er áhugavert hve margir nemendur hafa gaman af því að semja botna og margir góðir botnar skiluðu sér inn. Hér fyrir neðan eru botnarnir sem valdir voru bestir í ár.

Við fengum góðan gest til okkar en það var Grétar í Áshól sem spilaði með Víkingi afstráknum sínum þrjú skemmtileg lög.

Þorraprællinn 2021

Brátt á hvarmi bregður tár brostið er mitt hjarta. Loksins, já loksins er komið nýtt ár með langa daga bjarta.

Höfundur: Árbjörg Sunna 10. bekk

1.-4. bekkur

Hákarlinn góða ég helst vildi fá harðfisk og klípu af smjöri. Borða meira ef ég má þá verð ég fullur af fjöri

Höfundur: Guðmundur Ó. 2. bekk

5.-7. bekkur

Góða veislu gjöra skal gott fæ ég að snæða. Osturinn er alltaf þar heiminum til gæða.

Höfundur: Örvar Elí, 5. bekk

8.-10. bekkur

Þeir sæludagar er sólundað gat í sveitinni, ungur að árum. Þegar ég fæ þorramat hleypi ég nokkrum tårum.

Höfundur: Edda Margrét, 9. bekk



Skondnasti botninn

Þeir sæludagar er sólundað gat í sveitinni, ungur að árum. Sigurjón eldar bixímat sem hann býst við að við klárum.

Höfundur: Agnes Friða, 10. bekk

...: Lestarahvetjandi jólabingó ...:

Laugalandsskóli stóð fyrir lestrarhvetjandi jólabingói í jólafríinu. Þátttaka var með ágætum og voru dregnir út tveir sigurvegarar úr hverjum aldurshópi. Í 1.-3. bekk voru það Guðmundur Ólafur Bæringsson og Jón Guðmundsson. Eldey Eva Engilbertsdóttir og Weronika Grzegorzcyk fengu verðlaun fyrir 4.-6. bekk. Á elsta stigi voru það Anton Óskar Ólafsson og Hulda Guðbjörg Hannesdóttir sem hrepptu vinninginn. Skemmtilegur leikur sem hafði lestrarhvetjandi áhrif.



...: Gjöf frá Foreldrafélaginu ...:

Foreldrafélag Laugalandsskóla gaf skólanum rausnarlega gjöf á nýju ári. Um var að ræða myndarlegan stafla af alls kyns borðspilum sem nýtast mun í kennslu sem og til afreyingar fyrir nemendur í frímínútum. Gjöfinni var gríðar vel tekið og hafa spilin verið nýtt óspart fyrstu vikur ársins. Foreldrum færum við góðar þakkir fyrir gjöfina sem mun nýtast okkur vel.



...: Skíðaferð ...:

Miðvikudaginn 20. janúar skelltum við okkur á skíði í Bláfjöll, með nemendur í 4. til 10. bekk. Það var bjart og þurrt veður en aðeins kalt. Við vorum fyrsti skólinn til að nota svæðið á þessu ári og óneitanlega var það gott að hafa Bláfjallasvæðið allt fyrir okkur þar sem fjallið var lokað. Nemendur og starfsmenn skemmtu sér vel og áttu góðan dag saman.

